

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2022
UST202207-227/I.M.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til utan vega aksturs vegna kvikmyndatöku við Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 22. júlí 2022, um kvikmyndatöku við Kleifarvatn innan Reykjanesfólkvangs dagana 15. ágúst – 7. september 2022.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skv. 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skal verndun fólkvangs miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Þá er samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að aka utan vega vegna kvikmyndatöku við Kleifarvatn dagana 15. ágúst – 7. september 2022.

Sótt er um leyfi til að hafa aðstöðubúðir á ströndinni norðan Kleifarvatns, tæknibúðir í fjörunni norðan Syðistapa, tókustað á bílastæðinu á Syðristapa og í fjörunni sunnan Innristapa. Sótt er um leyfi til að slóðadruga til að afmá för í fjörunum milli Syðristapa og Innristapa. Notuð verða sexhjól, sópar og hrífur við að afmá förin í fjörunni. 80-90 manns koma að verkefninu, þar af um 20 manns að undirbúningi. Takmarka þarf umferða akandi og gangandi um svæðið dagana 29. – 31. ágúst. Staðsetning tókustaða, aðstöðubúða og tæknibúða auk frekari upplýsinga voru merktar á loftmyndir sem fylgdu umsókninni.

Á undirbúningstíma verkefnisins verða notuð tvö sexhjól til að slóðadruga og flytja búnað í fjörununni milli Syðristapa og Innristapa og setja upp tvo krana á tókustað. Á tókutíma verða sex sexhjól með kerrum sem munu þurfa að fara um 40 ferðir með búnað eftir leið sem merkt er á korti sem fylgdi umsókninni.

Aðstöðubúðir:

Aðstöðubúðir verða staðsettar í fjörunni norðan Kleifarvatns dagana 29. ágúst – 4. september 2022. Á þeim tíma verða níu rútur, níu húsbílar og eldhústrúkkur, matarbíll, bíll fyrir aðföng og uppþvottabíll. Að auki verða 50 fólksflutningabílar og tíu vörubílar sem skiptast á að vera í aðstöðubúðum og tæknibúðum.

Á undirbúningstíma verkefnisins, þ.e. 15. – 29. ágúst verður þar ein aðstöðurúta, salerniskerra, tækjabíll og tuttugu 1000 lítra vatnsdunkar. Afmörkun búðanna var sett upp á korti sem fylgdi umsókninni

Tæknibúðir:

Tæknibúðir verða staðsettar í fjörunni norðan Syðristapa dagana 29. ágúst – 3. september 2022. Þar þurfa að vera myndavélabíll auk þriggja trukka og sex sexhjól með kerrum. Að öðru leiti verða bílastæði á svæðinu notuð.

Tökustaðir:

Tökustaður 1, Syðristapi: Aka þarf Hexatron tókulyftara einu sinni að og frá tökustað við bílastæðið á Syðristapa. Setja þarf upp 2-3 sk. pop-up tjöld skammt frá bílastæðinu sem verða njörvuð með sandpokum. Kort af uppsetningu verkefnisins og ökuleið fylgdi umsókninni.

Tökustaður 2, fjöruborð: Aka þarf tveimur Genie S-40 krönum í fjöruborðið þar sem þeim verður lagt á meðan verkefninu stendur, þ.e. 15. ágúst – 7. september 2022. Mynd af ökuleið og krönum fylgdu umsókninni. Á undirbúningstímanum á tökustöðum 2 og 3 þarf að aka einum jeppa, sem hefur öruggishlutverki að gegna, að vatninu.

Tökustaður 3, fjaran: Aka þarf krana niður í fjöruna og eftir fjöruborðinu að klettunum norðan Syðristapa. Sérstakar plötur verða settar niður sem kraninn mun aka eftir og standa á tökustað til að draga úr áhrifum akstursins í fjörunni. Mynd af ökuleið, staðsetningu, krananum og plötunum fylgdi umsókninni.

Áhrifamat:

Sérfræðingar og landvörður Umhverfisstofnunar fóru með fulltrúum umsækjanda í vettvangsferð um svæðið 2. ágúst 2022.

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni mjög umfangsmikið og að það muni hafa staðbundin neikvæð áhrif á ásynd svæðanna og langtíma áhrif á gróður sem er að finna ofarlega við fjöruna. Stofnunin metur einnig að verkefnið muni hafa mikil áhrif á gesti þar sem svæðið er mjög vinsælt á meðal útivistafólks og ferðamanna. Til að draga úr áhrifum verkefnisins skal takmarka tímabil þess eins og kostur er og takmarka akstur utanvega, fjölda ferða og það svæði sem verður ekið utan vega.

Niðurstaða og skilyrði:

Um heimildir á takmörkun umferðar er fjallað í 25. gr. a. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Sú heimild tekur einungis til þess ef veruleg hættu er á tjóni af völdum mikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru að þá getur Umhverfisstofnun ákveðið að takmarka umferð eða loka viðkomandi svæði tímabundið fyrir ferðamönnum. Sú ákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Af þessu leiðir að Umhverfisstofnun skortir lagaheimild til að veita leyfi til að hindra för gesta um svæðið vegna verkefnisins. Bent skal þó á, að tilgangur

fólkvangs er m.a. að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og því beri að halda takmörkunum á umferð gesta á svæðinu í lágmarki.

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega vegna kvikmyndatöku við Kleifarvatn sbr. lýsingu hér að ofan frá 15. ágúst – 7. september 2022. Akstur utan vega er eingöngu heimill vegna flutnings búnaðar en ekki til fólksflutninga nema í aðstöðubúðir. Leyfið er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka eftir þeim leiðum sem leyfi þetta nær til og er sýnt á korti sem fylgdi umsókninni.
- Einungis er heimilt að slóðdraga þar sem er engan gróður er að finna á sandinum og nota hrifu eða kúst til að afmá för, eftir því sem við á, þar sem er gróður er að finna í fjörunum.
- Takmarka skal fjölda ferða sem keyrður er eins og kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu að höfðu samráði við sérfræðing og landvörð Umhverfisstofnunar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir verkefninu innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að vegna jarðhræringa á svæðinu getur verið grjóthrun úr klettum á svæðinu.

Um takmörkun akandi umferðar þarf leyfi lögreglu og Vegagerðarinnar.

Leyfi sveitarfélagsins gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum og til aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um leyfi vegna kvikmyndagerðar er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvikmyndatöku á friðlýstu svæði sé 4 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar mun vera samtals 15 klukkustundir. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 11 klukkustundir á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals kr. 197.800.- fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

René Biasone
sérfræðingur

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri